

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um endurheimt vistkerfa.

Frá Evu Dögg Davíðsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir markmiðum verkefnis Sameinuðu þjóðanna *Áratugur endurheimtar vistkerfa* í tengslum við loftslagsaðgerðir, landnotkun og við verndun og endurheimt votlendis og líffræðilegs fjölbreytileika?
2. Hver er stefna ráðherra að því er snertir uppgræðslu lands og bindingu gróðurhúsalofttegunda í jarðvegi og gróðri? Hvernig tekur sú stefna mið af líffræðilegum fjölbreytileika þeirra svæða sem græða þarf?
3. Hyggst ráðherra leggja aukna áherslu á stefnu stjórnvalda frá 2018 um bættu landnýtingu í þágu loftslagsmála?

Skriflegt svar óskast.